



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Síkvíkur leikur ljóssins; dýrð sköpunarverksins í sterkum andstæðum;
tónaflóð litanna. Er hægt að hugsa sér land sem sameinar allt þetta?

Blá fjöll og hvítir jöklar, grænir vellir og svartir eyðisandar; kulnaðir
gígar og úfið hraun lagt mjúkum mosa; litfögur blóm á hörðum mel.
Kliður lækjar í grónum fjallasal, fjarlægur fuglasöngur, ærandi þögnin á
öræfum. Litróf náttúrunnar sem verið hefur skáldum okkar og málurum
innblástur ódauðlegra listaverka.

Háir hamrar og djúpar gjár, hjartsláttur landsins í hverum og
hvítfyssandi gufustrókum, heitt hraunið þegar hin rámu regindjúp ræskja
sig upp um eldfjöll eða skapa nýjar eyjar í úthafi, ógnarafl jökla sem
sprengja af sér jakabreiður; allt er þetta vitnisburður um að sköpun
heimsins heldur áfram á Íslandi, að Almættið er hér enn önnum kafið.

Dagrenning á heiðum, sólarlag við hafsbrún, bjartar vornætur,
himnaleikur norðurljósa á dimmum vetri, síbreytileg birtan sérhvern dag,
hverja stund.

Fjallið sem áðan var blátt er nú brúnt með grænni slikju, síðan allt í
einu sveipað rauðum bjarma, svo kannski svart eða gult, grátt eða hulið
hvítri móðu.

Íslensk náttúra er ævintýraheimur, veisla ljóss og lita, heimkynni
fegurðarinnar. Við erum svo lánsöm að sitja á miðju leiksviðinu og geta
veitt ykkur hlutdeild í dýrðinni.

(undirskrift?)